

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kosnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 127/2003, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| A) Skráning | kr. 6.500 |
| B) Skráning eftir útrunninn frest,
sbr. 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald | kr. 12.300 |
| C) Bráðabirgðaskráning | kr. 1.230 |

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 10.500

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. A og 3. gr.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds kr. 8.600

Önnur afhending hunds kr. 12.300

Þriðja afhending hunds kr. 17.220

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 20. febrúar og eindagi 20. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 127/2003, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 11. janúar 2006.

Bæjarstjórinn í Sveitarfélaginu Árborg, 13. janúar 2006.

Einar Njálsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2006